

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi fyrir Holtahverfi norður.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 23. febrúar 2022 breytingu á deiliskipulagi fyrir Holtahverfi norður.

Breytingin á við um lóðina Dvergaholt 5-9 og felur í sér að lega byggingarreita breytist, innkeyrsla á lóð færist um 40 m til vesturs, gólfkóti byggingar hækkar um 3 m frá mæliblaði og áætlaður fjöldi íbúða eykst úr 45 íbúðum í 53.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og 3. mgr. 44. gr skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 25. mars 2022,

María Markúsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfudagur: 8. apríl 2022